

Nd.

396. Frumvarp til laga

[155. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Flm.: Björn Björnsson, Einar Ingimundarson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Merkjamál sæta að öðru leyti en því, sem í lögum þessum greinir, hinni venju-
legu meðferð einkamála í héraði.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um áfrýjun merkjamála til hæstaréttar og meðferð þeirra þar fer eftir almenn-
um reglum.

3. gr.

Síðari málsli. 18. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Með lögum þesum eru úr gildi numin lög nr. 40 31. maí 1927.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Merkjámál, sem þingfest hafa verið fyrir gildis-
tökudag laganna, fara eftir eldri reglum.

Greinargerð.

Mál, sem rísa út af ágreiningi um merki landa eða ítaka, hafa um langan aldur verið og eru enn ærið tíð fyrir dómstólum hér á landi. Liggja að því ýmsar orsakir og eðlilegar, sem eigi er ástæða að rekja hér nánar. Mál þessi sæta sérstakri meðferð samkvæmt lögum nr. 41/1919, sbr. l. nr. 40/1927. Hin afbrigðilega tilhögun er byggð á séreðli þessa málaflokks. Úrslit í landamerkjámálum eru að jafnaði svo tengd staðháttum, órnefnum og fleiru slíku, að brýna nauðsyn hefur þótt til bera, að merkjadómur (þriggja manna dómur) gengi á vettvang sér til glöggvunar um staðfræðilegt efni máls. Samkvæmt fyrrnefndum lögum er merkjadómi skylt að ganga á merki, eins og það er kallað, og athuga um landsháttu, landsnyttjar o. fl. þess háttar, sem mál varðar, eftir því sem kostur er. Þessi fyrirskipun um merkjagöngu ásamt þeirri ætlun löggjafans, að hæstarétti væri ókleift að koma á vettvang og þannig staðreyna um veigamestu þætti máls, hefur síðan haft í för með sér ákvæði í 15. gr. l. nr. 41/1919 áður og nú 1. gr. l. nr. 40/1927, að hæstiréttur gerir annað tveggja, ef landamerkjámáli er til hans skotið, að staðfesta ákvæði merkjadóms um landamerki eða ómerkir þau og vísar máli heim í hérað og leggur fyrir merkjadóm að taka málið fyrir af nýju til meðferðar og dómsálagningar, nema því sé vísað frá merkjadómi með öllu. Með öðrum orðum: hæstiréttur getur ekki breytt landamerkjadómi að efni að þessu leyti. Er því hér ólíkt farið sem annars er venjan, og þykir flutningsmönnum, að út af henni sé brugðið að þarf-
lausu eins og nú háttar.

Í frv. er lagt til, að þessi sérstaka meðferð landamerkjamála fyrir hæstarétti verði felld niður og þau mál fari þar sem almenn einkamál, þannig að hæstiréttur hafi færi þess að breyta landamerkjadómi svo sem bezt þykir og réttlátlegast, eins og nú er um aðra dóma, sem til hæstaréttar ganga.

Vettvangsganga er hæstarétti auðveld, eins og komið er sangöngumálum, ef honum sýnist hennar þörf, og engu niður en merkjadómi, enda hefur hæstiréttur oftsinnis gengið á vettvang í seinni tíð. Höfuðástæðan fyrir gildandi sérreglu landamerkjalaganna er því eigi lengur til staðar. Landamerkjámál eru að jafnaði býsna þung í vöfum og tímafrek, og fylgir þeim því ærinn kostnaður, sem heimsending máls eykur að sjálfsgöðu á. Fá mál eru sótt eða varin af meira kappi og tilfinningarhita en einmitt landamerkjámál. Fyrir sakir þessa m. a. eru fyllstu rök þess, að málum þessum sé eigi vísað heim í hérað af nýju frammar en nauðsynlegt er, heldur haldið fram á efsta dómstigi til skjótra úrslita þar eins og tíðkast um önnur mál.

Þá er enn fremur lagt til, að ákvæði 14. gr. og síðari málsliðs 18. gr. l. nr. 41/1919, sem telja má úrelt orðin, verði færð til samræmis við gildandi fyrirmæli laga um meðferð einkamála í héraði.